

Reykjavík 24. febrúar 2017

Umsögn Vinir Season Tours ehf.:  
Þingskjal 187 — 128. Mál.  
Frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi.  
Frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.  
Í frumvarpinu er 9. gr. svo hljóðandi:

*Akstur sérútbúinna bifreiða.*

*Samgöngustofa veitir leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða, t.d. til fjallaferða, enda þótt slíkar bifreiðar rúmi færri farþega en níu. Skilyrði slíks leyfis er að það sé notað í tengslum við þjónustu við ferðamenn og að umsækjandi hafi almennt rekstrarleyfi skv. 4. gr.*

Að mati Vinir Season Tours er í 9. gr. Samgöngustofu veitt of viðtækt leyfi til skilgreiningar á því hvernig bifreiðar eru leyfðar til þjónustu við ferðamenn. Þessar bifreiðar eiga ekki að þurfa að vera sérútbúnaðar nema farnir séu slóðar eða upp á jökul. Við teljum að sá hugsanaháttur að stofnun á vegum ríkisins velji hvaða bifreiðar séu hentugar til aksturs ferðamanna sé úreltur. Fólksbifreiðar eru framleiddar til fólksflutninga og tilgreint af framleiðanda hversu marga farþega hún ber. Sérmerking er óþörf meira en svo að sjáist að bifreiðin sé skoðuð og í lagi. Í nútíma þjóðfélagi þar sem ferðamaðurinn vill ferðast í smábíl með bílstjóra á hann að geta það án þess að það sé sérstaklega skilgreint ökutæki af ríkisstofnun.

Við óskum því eftir að fólksbifreiðar verði leyfðar til notkunar í ferðaþjónustu. Krafan sé eftir sem áður að bílstjórinn sé með réttindi B-far til aksturs með farþega gegn greiðslu. Gera má kröfu um að bifreiðin sé útbúin slökkvitæki og sjúkrakassa. Í vetrarakstri eða á malarvegum mætti gera kröfu um fjórhjóladrif eða annan stöðugleikabúnað. Til aðgreiningar frá leigubílaakstri sé leiðarlýsing og eða reikningur til staðar fyrir hverja ferð.

F.h. Vinir Season Tours, Kt. 501012-2030

Ármúla 4-6, Reykjavík



Gunnar Þór Gunnarsson framkvæmdastjóri